

Skorradalshreppur

Reykjavík, 4. mars 2024

Efni: Beiðni Landsnets hf. um skipun sérstakrar raflínunefndar. Holtavörðuheiðarlína 1.

Meðfylgjandi bréfi þessu er að finna afrit af beiðni Landsnets til ráðherra, dags. 1. mars 2024. Í beiðni er þess óskað að ráðherra skipi sérstaka raflínunefnd sem hefur það hlutverk að undirbúa, kynna og afgreiða raflínuskipulag fyrir framkvæmd í flutningskerfi raforku sem nær til tveggja eða fleiri sveitarfélaga og afgreiða umsókn um framkvæmdaleyfi fyrir henni.

Líkt og fram kemur í bréfinu er beiðni sett fram með vísan til 1. mgr. 9. gr. a skipulagslaga, nr. 123/2010, sbr. brl. nr. 35/2023. Telur Landsnet að öll lagaleg skilyrði séu uppfyllt svo unnt sé að afgreiða beiðni fyrirtækisins.

Um er að ræða framkvæmd sem fengið hefur vinnuheitið Holtavörðuheiðarlína 1 (HH1). Nær framkvæmdin til fjögurra sveitarfélaga, þ.e.a.s. Hvalfjarðarsveit, Skorradalshrepp, Borgarbyggð og Húnaþing vestra, sem öll fá tilkynningu þessa.

Kristinn Magnússon
Verkefnisstjóri